

Tillaga um skipan spretthóps um aðstöðumál tónlistar í borginni.

Lagt er til að skipaður verði spretthópur sem móti tillögur um hvernig megi bæta aðstöðu til lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík. Hópurinn verði skipaður fulltrúum Tónlistarborgarinnar Reykjavík, Tónlistarmiðstöðvar, Tónlistarráðs og tónleikahaldara. Hópurinn skili áfanganiðurstöðum fyrir 15. janúar 2026 og lokaniðurstöðum fyrir 1. mars 2026.

Greinargerð

Tónlistarborgin metur stöðu smærri tónleikastaða í Reykjavík veika og að brýn þörf sé á aðgerðum í þeirra þágu. Tónlist er mikilvægt samfélagslegt afl og sjálfstæð uppspretta menningarlegra og efnahagslegra gæða auk þess að vera farvegur fyrir mikil sóknarfæri í frjóu borgarumhverfi. Með því að styðja á kerfisbundinn hátt við tónleikastaði í borginni getur Reykjavíkurborg nært enn frekari uppbyggingu öflugs tónlistarlífsins með þeim menningarlega, samfélagslega og efnahagslega ávinningi sem því fylgir. Íslensk tónlist hefur frá áttunda áratug síðustu aldar, þá sérstaklega eftir aldamót, verið sterk og mikilvæg landkynning.

Aðstaða fyrir lifandi tónlistarflutning í dag

Þegar skoðuð er [skýrsla starfshóps Tónlistarborgarinnar frá árinu 2017](#) um stöðu lifandi tónlistarflutnings er skýrt að miklar breytingar hafi orðið á aðstöðu til lifandi tónlistarflutnings í borginni:

- Þeim tónleikastöðum í skýrslunni sem leggja megináherslu á lifandi flutning hefur fækkað úr sjö í fjóra.
- Menningarhús með aðstöðu til tónleikahalds standa í stað milli ára og eru skráð sex.
- Þeim stöðum í skýrslunni sem hafa lifandi flutning og plötusnúða í forgrunni hefur fækkað úr tíu í tvo.

Sú þróun hefur átt sér stað að lifandi flutningur hefur á síðustu árum þróast yfir í óhefðbundin tónleikarými, sem dæmi má nefna plötubúðir (12 Tónar, Smekkleysa, Lucky Records og Space Odyssey). Það er vissulega kærkomin viðbót fyrir menningarlífið í miðbænum að hafa lifandi tónlist í plötubúðunum, en aðstaðan kemur ekki í stað fyrir tónleikastaði, hún er án sviðs, rýmið þröngt og því fylgir ekki tækni eða hljóðmenn.

Mjög mikilvægt er fyrir tónlistarfólk að þróa sig áfram á sviði, og fram til þessa hefur framboð á minni stöðum (sem rúma 100-300 gesti) í Reykjavík verið ágætt en er í dag óásættanlegt í kjölfar lokana síðustu ára. Þar má helst nefna staðina í Naustinni, Húrra,

Gaukinn og The Bird (fyrrum Amsterdam). Allir staðirnir eru byggðir með góðum sviðum og tónleikaaðstöðu en engin lifandi tónlistarstarfsemi fer þar fram þegar þetta er ritað.

Á síðustu tveimur árum hefur fjórum tónleikastöðum verið lokað vegna rekstrarörðugleika – Gauknum, Húrra, KEX og The Bird. Hver lokun skók reykvískt tónlistarsamfélag og skapast hefur mikil umræða um stöðu lifandi tónlistarflutnings í borginni. Mikil spenna virðist ríkja milli menningar og ferðamannaiðnaðar hvað varðar húsnæði, og smærri menningarstarfsemi heldur ekki í við verðbólgu hvað varðar launa-, og rekstrarkostnað. Staðan hefur vakið athygli erlendis, en í fyrra birtist stór [grein um stöðu lifandi tónlistarflutnings í Reykjavík hjá The Guardian](#).

Með tillögunni er lagt til að skipaður verði spretthópur sem vinni tillögur um aðgerðir til að snúa vörn í sókn í aðstöðumálum tónlistarborgarinnar Reykjavík. Markmið vinnunnar verði að styðja á áhrifaríkan og stöðugan hátt við lifandi tónlistarflutning í Reykjavík; íslenskum almenningi, ferðamönnum og tónlistarfólki til heilla. Hópurinn verði skipaður fulltrúum Tónlistarborgarinnar, Tónlistarmiðstöðvar, tónleikahaldara og tónlistarráðs. Spretthópurinn skili áfanganiðurstöðum fyrir 15. janúar 2026 og endanlegum tillögum fyrir 1. mars 2026.